

FUNDARGERÐ

Hópur:	Fundargerðir:
Efni:	66. fundur starfsmatsnefndar
Viðstaddir:	Árni R. Stefánsson; Kristín Þóra Harðardóttir; Emma Árnadóttir; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Ingi Geir Hreinsson; Steinvör Laufey Jónsdóttir
Fundardagur:	05/01/2010
Tími:	09:00 - 10:15
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

Þriðjudaginn 05.01. 2009 og hófst hann kl. 9.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Halldór Gunnarsson (StRv), Ragnar Ólason (Eflingu).
Mætt af hálfu Rvk: Árni Ragnar Stefánsson, Emma Árnadóttir og Kristín Þóra Harðardóttir.
Starfsmenn Starfsmats: Ingi Geir Hreinsson og Steinvör Laufey Jónsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og fyrir tekið:

I. Áður framlagt mat á starfi.

Mál nr: 2009-34 VEL5330teymisstjóri búsetuþjónustu.
Afgreiðslu frestað. Vegna fjarveru fulltrúa félagsins.

II. Áður framlagt endurmat á starfi.

Mál nr: 2009- 30 FSR6100fulltrúi aðalbókara. Fulltrúi félagsins lagði fram skriflegar fyrirspurnir varðandi framlagðar tillögur og munu þær verða skoðaðar á milli funda.
Afgreiðslu frestað.

III. Önnur mál.

Samkvæmt nýjum vinnureglum um endurskoðun starfsmats fyrir elstu störfun lagði Ingi Geir fram lista yfir þau störf sem eru virk í dag og hafa ekki fengið endurskoðun á síðustu fimm árum. Í framhaldi mun nefndin fara yfir þennan lista og þær tillögur sem ráðgjafar leggja til varðandi endurmat á þessum störfum. Sjá vinnureglur:

Vinnureglur um endurskoðun starfsmats.

Öll störf sem hafa hlotið starfsmat skulu yfirfarin í síðasta lagi að fimm árum liðnum frá mati, hafi endurmat eða annars konar endurskoðun ekki átt sér stað á tímabilinu.

- Starfsmatsráðgjafar útbúa árlega lista yfir þau störf sem metin voru fimm árum fyrr og hafa ekki hlotið endurmat eða aðra endurskoðun.
- Sá listi er lagður fyrir starfsmatsnefnd ásamt tillögum ráðgjafa um breytingar á mati starfs í þeim tilfellum þar sem túlkun starfsmatsnefndar gæti haft áhrif til breytinga á matið.

Ákvörðun um gildistíma breytinga skal vísar til viðkomandi samstarfsnefndar/starfskjaranefndar.

- Að lokinni þessari yfirferð starfsmatsnefndar er listi starfa sendur til starfsmannastjóra sviða til yfirferðar.
- Starfsmannstjórar sviða yfirfara lista starfa á þeirra forræði og senda tilbaka til starfsmatsnefndar lista þeirra starfa sem endurskoðun leiðir í ljós að hafa ekki tekið breytingum.
- Önnur störf af listanum fara í formlegt endurmatsferli, undir sérstöku eftirliti starfsmatsnefndar.

Annað var ekki á dagskrá fundi slitið kl. 10.10.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 19. janúar 2010. kl. 09.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.